

**Samstarf  
grunnskóla  
Borgarbyggðar  
og  
Menntaskóla  
Borgarfjarðar**



**BORGARBYGGÐ**



## **Formáli**

Samkvæmt lögum um grunnskóla nr. 91/2008 skal sveitarstjórn koma á samstarfi grunnskóla og framhaldsskóla. Margt er líkt í námi í grunnskólum og framhaldsskólum og samfella mikil er varðar ytri og innri umgjörð skólastarfs og starfshættina. Samstarf og upplýsingamiðlun þarf að vera góð og vitneskja kennara um starfið á stiginu á undan svo að ekki myndist rof í námi nemenda. Grunnskólanemendur eiga rétt á að stunda nám í einstökum námsgreinum á framhaldsskólastigi meðan þeir eru í grunnskóla enda hafi þeir uppfyllt markmið námsgreinar.

Meðal markmiða í aðalnámskrá leik-, grunn- og framhaldsskóla og skólastefnu Borgarbyggðar er aukið svigrúm, sveigjanleiki og samfella á milli skólastiga og innan hvers skólastigs. Helstu markmið samstarfs og tengsla milli skólastiga eru að skapa samfellu í námi nemenda, koma til móts við þarfir þeirra og stuðla að markvissari uppbyggingu námsins.

## **Samstarf**

Grunnskólar Borgarbyggðar eiga í góðu samstarfi við Menntaskóla Borgarfjarðar. Í samstarfinu felst meðal annars ábyrgð á upplýsingagjöf milli skólanna, til nemenda og foreldra um nám á framhaldsskólastigi og hvernig samstarfinu er háttað. Á grunnskólagöngu sinni fá nemendur upplýsingar um framhaldsskólastigið í heild sinni og námsframboð einstakra skóla, einkum Menntaskóla Borgarfjarðar.

Nemendum er heimilt að stunda nám í einstökum námsgreinum á framhaldsskólastigi að loknu grunnskólanámi í viðkomandi námsgreinum. Námið er á ábyrgð grunnskólans og vitnisburður um það því birtur á vitnisburðarblaði nemandans við lok grunnskóla.

Varðandi nemendur sem hafa stundað nám út frá einstaklingsmiðaðri námskrá, skulu kennarar og aðrir fagaðilar, ásamt nemanda og foreldrum hans, taka þátt í mótun og gerð tilfærsluáætlunar vegna fyrirhugaðs náms hans í framhaldsskóla og skal miða við að undirbúningur hennar hefjist í 9. bekk.

## **Framkvæmd**

Stjórnendur skólanna funda reglulega með það að markmiði að efla upplýsingastreymi og samstarf á milli skólanna, svo sem með sameiginlegu námskeiðahaldi og fagfundum þvert á skólastigin. Stjórnendur Menntaskóla Borgarfjarðar, ásamt nemendum koma í grunnskóla Borgarbyggðar og kynna starf skólans fyrir nemendum í tíunda (og níunda) bekk, foreldrum þeirra og starfsfólki skólans. Umsjónarkennarar nemenda í tíunda bekk, í samstarfi við náms- og starfsráðgjafa skólans kynna framhaldsskólastigið í heild sinni og námsframboð einstakra skóla, einkum Menntaskóla Borgarfjarðar. Þá er nemendum grunnskólanna boðið að taka þátt í völdum þáttum í félagslífi Menntaskólans.

Nemendur grunnskólanna eiga þess kost að stunda nám í einni eða fleiri námsgrein við Menntaskóla Borgarfjarðar samhliða námi í 10. bekk en þessir nemendur hafa þá lokið grunnskólaprófi í viðkomandi greinum. Geta foreldrar óskað eftir því við skólastjóra grunnskóla að barn þeirra sé útskrifað úr grunnskóla áður en 10 ára skyldunámi er lokið telji foreldrar að viðkomandi nemandi hafi forsendur til að innritast í framhaldsskóla. Skólastjóri skal þá ráðfæra sig við umsjónarkennara nemandans og skólaþjónustu sveitarfélagsins áður en hann tekur ákvörðun í málinu. Skólastjóri metur hvenær nemandi hafi lokið skyldunámi samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla með framúrskarandi árangri áður en hann útskrifast þaðan (sbr. 32. gr. laga um grunnskóla, nr. 91/2008).

Til að stuðla að sveigjanleika á mörkum grunnskóla og framhaldsskóla og stuðla að jafnræði milli nemenda óháð búsetu er æskilegt að grunnskólanemendum standi til boða fjar- eða dreifnám í framhaldsskóla sem hluta af námi sínu í grunnskóla. Kynna þarf fjar- og dreifinámið vel, m.a.

ætti að gera grein fyrir því í skólanámskrá allra grunnskóla.

## Náms- og starfsráðgjöf

Við grunnskóla Borgarbyggðar og Menntaskóla Borgarfjarðar er starfandi sameiginlegur náms- og starfsráðgjafi sem aðstoðar nemendur við að velja nám við hæfi. Þetta fyrirkomulag tengir stigin vel saman og auðveldar nemendum aðgang að upplýsingum um námframboð og annað. Mikilvægur hluti af starfi náms- og starfsráðgjafa er að tryggja að nemendur á unglíngastigi fái góðar upplýsingar um námstilboð Menntaskóla Borgarfjarðar og nám á framhaldsskólastigi almennt. Náms- og starfsráðgjafi hefur einnig mikilvægu hlutverki að gegna þegar kemur að skipulagningu náms grunnskólanemenda sem taka framhaldsskólaáfanga og stuðningi við einstaka nemendur sem stunda slíkt nám.

## Samstarfsáætlun

Skólastjórnendur grunnskóla Borgarbyggðar og Menntaskóla Borgarfjarðar hittast að lágmarki einu sinni á ári til að skiptast á skoðunum, miðla nýjungum og leggja drög að auknu samstarfi milli skólastiganna.

Faghópar í stærðfræði, náttúrufræði, íslensku, dönsku og ensku af báðum skólastigum hittast einu sinni á önn til að miðla upplýsingum um nám og kennsluhætti.

Nemendum á unglíngastigi í grunnskólum Borgarbyggðar er boðið í heimsókn í Menntaskóla Borgarfjarðar að lágmarki einu sinni á ári. Þar er nemendum kynntar þær námsleiðir sem í boði eru.

Menntaskóli Borgarfjarðar heldur kynningar á námsleiðum fyrir unglíngastig í grunnskólum Borgarbyggðar.

Borgarbyggð, maí 2020